

# Ferðatrygging Premía kort

Staðlað upplýsingarblað um váttryggingu



SKILMÁLI F-19

Upplýsingaskjal þetta tilgreinir einungis helstu atriði tryggingarinnar, s.s. hvað er innifalið og hvað ekki. **Ekki** er um að ræða tæmandi upptalningu né persónulegt yfirlit yfir tryggingar sem viðskiptavinir velja. Upplýsingaskjalið hefur ekki lagalega þýðingu og gegnir eingöngu þeim tilgangi að upplýsa viðskiptavinum um helstu þætti tryggingarinnar. Tryggingayfirlit og nákvæmar upplýsingar um samningsskilmála sem gilda eru aðgengilegar á **váttryggingarskirteini** tryggingarinnar sem hægt er að nálgast á *Mínum síðum Varðar*. **Skilmálar** tryggingarinnar hafa að geyma tæmandi upplýsingar um váttryggingarverndina og eru hluti af samningi aðila ásamt váttryggingarskirteini.

## Hvernig trygging er ferðatrygging Premía korta?

Ferðatryggingin verndar korthafa fyrir fjárhagslegum skakkaföllum á ferðalögum. Í tryggingunni er innifalin ferðaslysatrygging sem tryggir váttryggða fyrir slysum á ferðalagi, sjúkratrygging, sjúkrahúsdagpeningar, samfylgd í neyð, ferðarofstrygging, farangurs- og innkaupatrygging, farangurstafatrygging, innkaupakaskótrygging, mannránstrygging, forfallatrygging og ábyrgðartrygging.



### Hvað bætir tryggingin?

#### Ferðaslysatrygging

- ✓ Varanlega lækisfræðilega örorku vegna slysa sem verða á ferðalagi, þó einungis ef örorka er metin 16% eða hærrí.
- ✓ Dánarbætur vegna slysa sem verða á ferðalagi.

#### Sjúkrakostnaður

- ✓ Sjúkrakostnað á ferðalagi erlendis þ.m.t. lækis- og sérfræðikostnað, sjúkrahúsvist, lyfjakostnað ásamt kostnaði við sjúkraflutning og flutning hins látna til Íslands eða dvalarlands.

#### Forfallakostnaður

- ✓ Ferðakostnaður sem greiddur er fyrirfram og ekki fæst endurgreiddur frá öðrum ferðapjónustuaðilum, ef váttryggður kemst ekki í ferð vegna t.d. slyss, veikinda eða andláts, sem vottað er af lækni.

#### Sjúkrahúsdagpeningar

- ✓ Félagið greiðir dagpeninga í allt að 30 daga ef váttryggður liggur á sjúkrahúsi erlendis vegna slyss eða sjúkdóms á ferðalaginu.

#### Ferðarofstrygging

- ✓ Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna andláts, alvarlegs slyss eða skyndilegra veikinda náins ættingja váttryggðs.
- ✓ Nauðsynleg viðbótarútgjöld vegna heimferðar til Íslands eða dvalarlands ef váttryggður neyðist til að stytta dvöl sína utanlands vegna verulegs eignartjóns á heimili váttryggðs eða í einkafyrirtæki hans.



### Hvað bætir tryggingin ekki?

#### Ferðaslysatrygging

- ✗ Bætur greiðast eingöngu leiði slysið til andláts eða varanlegrar örorku innan 24 mánaða frá slysdegi.
- ✗ Látist váttryggður 18 ára eða yngri vegna afleiðinga slyss takmarkast bætur við 10% af hámarksfjárhæð dánarbóta.
- ✗ Örorku og dánarbætur skerðast árlega um 10% eftir að váttryggður nær 60 ára aldri. Þó aldrei meira en 80%.

#### Sjúkrakostnaður

- ✗ Kostnað sem greiddur er samkvæmt gagnkvæmum samningi sem Sjúkratryggingar Íslands eru aðilar að.
- ✗ Kostnað við meðferð eða eftir meðferð á Íslandi eða í dvalarlandi.
- ✗ Kostnað vegna sjúkdóma, veikinda eða slysa sem váttryggður hefur þjáðst af eða notið læknishjálpar og/eða meðferðar á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- ✗ Meðferðir erlendis lengur en í 3 mánuði.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að váttryggður mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða þegar váttryggður ferðast gegn ráðgjöf starfandi lækis eða í þeim tilgangi að leita lækis meðferðar erlendis.
- ✗ Sjúkrareikninga sem berast eftir að tólf mánuðir eru liðnir frá váttryggingaraburði.

#### Forfallatrygging

- ✗ Forföll vegna hvers kyns veikinda og sjúkdóma, sem váttryggður þjáðist af og/eða hefur notið meðferðar við 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- ✗ Tjón sem stafa beint eða óbeint af tilskipunum stjórnvalda

## Samfylgd í neyð

- ✓ Nauðsynlegan ferða- og dvalarkostnað vegna ættingja eða vinar vátryggðs, sem dvelst hjá eða fylgir vátryggðum heim samkvæmt lækni ráði og í samráði við SOS INTERNATIONAL eða félagið, vegna alvarlegs slyss eða veikinda vátryggðs.

## Ferðatöf og mannrán

- ✓ Fari svo að verkfallsaðgerðir, óhagstæð veðurskilyrði eða vélarbilun valdi töfum á ferðum almenningsfarartækis og það leiði til seinkunar á komutíma vátryggðs til ákvörðunarstaðar greiðast bætur eftir 8 klukkustunda töf.
- ✓ Dagpeningar greiðast verði vátryggðum rænt á ferðalagi erlendis og haldið í gíslingu.

## Farangurs- innkaupa og farangurstafatrygging

- ✓ Tjón sem verður á einkamunum af völdum bruna, innbrotspjófnaðar, ráns, skemmdarverka eða flutningsslyss, þó er gerð krafa um að vátryggður gæti fyllsta öryggis við vörslu hins vátryggða farangurs.
- ✓ Fáí vátryggður farangur sinn ekki afhentan innan 8 klst. eftir að áfangastað er komið, vegna tafar eða rangrar afgreiðslu, greiðast bætur til kaupa á nauðsynjum fyrir hvern vátryggðan.
- ✓ Tjón umfram sjálfsábyrgð vátryggðs.

## Endurgreiðsla ferðar

- ✓ Hlutfallslega óafturkræfan ferðakostnaði, fyrir þann hluta ferðarinnar, sem vátryggður getur ekki notað, vegna þess að hann þarf að fara heim eða þarf að liggja á sjúkrahúsi vegna þess að hann hefur orðið alvarlega veikur eða orðið fyrir alvarlegu slysi.

## Ábyrgðartrygging

- ✓ Líkamstjón eða tjón eða skemmdir á munum er leiðir af bótaskyldri háttsemi vátryggðs.

(nema þeim er varða skyldusóttkví).

- ✗ Tjón sem stafa beint eða óbeint útgjöldum sem ferðaskrifstofu, gistihúsi eða flugfélagi ber að greiða.
- ✗ Tjón sem stafa af því að vanrækt er að tilkynna ferðaskrifstofu eða þeim aðila sem útvegar flutningsfar eða gistingu að nauðsynlegt hafi reynt að fella ferð niður.
- ✗ Tjón sem stafa af fjárhagserfiðleikum eða gjaldproti ferðaskrifstofa og annarra slíkra aðila sem annast farþegaflutninga.

## Sjúkrahúsdagpeningar

- ✗ Fyrstu tvo daganna sem sjúkrahúsvistin varir.
- ✗ Tjón vegna barna yngri en 16 ára.

## Ferðarofstrygging

- ✗ Félagið greiðir hvorki ónýttan hluta ferðakostnaðar né nýja utanlandsferð í stað þeirrar er rofin var.
- ✗ Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi eða náinn samstarfsmaður þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.

## Ferðatöf og mannrán

- ✗ Bætur eru ekki greiddar ef töf stafar af því að vátryggður hafi ákvarðað ferðatíma í tengiflugi þrengri en lágmörk viðkomandi flugfélags/flugvallar kveða á um og athugasemd er gerð um í farþóku.

## Farangurs- innkaupa og farangurstafatrygging

- ✗ Hærri upphæð en 160.000 kr. fyrir einstakan hlut.
- ✗ Skemmdir vegna vökva, matvæla eða annarra smitandi efna.
- ✗ Skemmdir sem hljóta af mölflugum, meindýrum, ástandi andrúmslofts, veðráttu eða eðlilegu sliti.
- ✗ Peninga, farmiða, ferðatékka, ávisanir, skuldabréf né önnur verðmætum.
- ✗ Brothætta hluti.
- ✗ Bætur greiðast ekki vegna tafa á farangri þegar vátryggður er á heimleið. Tjónþola ber að framvísa til félagsins skriflegri staðfestingu frá flutningsaðila þar sem tímalengd tafar kemur skýrt fram.

## Endurgreiðsla ferðar

- ✗ Ferð sem varir 5 daga eða skemur.
- ✗ Kostnað annarra en þann sjúka og þá vátryggðu sem nauðsynlega þurfa að rjúfa ferð og fylgja honum heim.
- ✗ Kröfur vegna hvers kyns slysa, veikinda og sjúkdóma, sem hinn vátryggði hefur þjáðst af og hefur notið læknishjálpar og/eða meðferðar við, á síðustu 6 mánuðum fyrir greiðslu staðfestingargjalds.
- ✗ Tjón sem rekja má til þess að vátryggður: a) mátti vænta þess að fæða barn áður en heim kæmi eða innan tveggja mánaða frá heimkomudegi eða b) ferðast í trassi við ráðgjöf starfandi lækni, eða í þeim tilgangi að leita lækni meðferðar erlendis.
- ✗ Kostnað vegna hvers kyns veikinda eða sjúkdóma sem náinn ættingi þjáðist af, þegar staðfestingargjald var greitt.

## Ábyrgðartrygging

- ✗ Tjón vegna notkunar eða umráða vélknúinna ökutækja, ábyrgðar á dýrum sem tilheyra váttryggðum eða ábyrgðar vegna eignarhalds á landi og byggingum.
- ✗ Tjón vegna notkunar skotvopna, fallhlífarstökkis, svifflungs, svífdrekaflungs, loftbelgsflugs, skipulagðra íþróttar og atvinnu, sem talist getur lífshættuleg.
- ✗ Tjón á hlutum í eigu þriðja aðila sem skemmast eða týnast á meðan þeir eru í vörslu váttryggðs.



## Eru einhverjar takmarkanir eða varúðarreglur?

- ! Váttryggðum ber að fylgja varúðarreglum Varðar.
- ! Váttryggðum ber að gæta þess vandlega að fyrirbyggja eftir megni slys, meiðsl og sjúkleika.
- ! Váttryggður skal loka gluggum og læsa híbýlum og öðrum stöðum þar sem hinir váttryggðu munir eru skildir eftir.
- ! Váttryggður skal ekki skilja við váttryggða muni eftirlitslausa á almannafæri.
- ! Váttryggður skal sjá til þess að hinir váttryggðu munir séu í viðeigandi og fullnægjandi umbúðum til að þola flutning.
- ! Váttryggður skal ávallt læsa ferðatöskum sínum þegar þær eru ekki í umsjá hans.
- ! Váttryggður ber að halda persónulegum lausafjarmunum sínum vel við og umgangast persónulega lausafjarmuni sína með tryggilegum hætti.



## Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á á ferðalögum erlendis í allt að 180 samfellda ferðadaga og á Íslandi hafi a.m.k. helmingur ferðarinnar verði greiddur með kortinu. Nánari upplýsingar um gildissvið má finna í skilmála tryggingarinnar.



## Hverjar eru skyldur þess tryggða?

- Veita allar nauðsynlegar upplýsingar, hvort sem er við endurnýjun, breytingar á tryggingunni eða við tjónstilkynningu.
- Tilkynna ber félaginu þegar í stað um slys eða hvers kyns önnur atvik sem kunna að leiða til kröfu á félagið.
- Sjúkrareikningar skulu berast innan tólf mánaða frá váttryggingaratburði.
- Tilkynna um tjón við fyrsta hentugleika og eigi síðar en innan árs frá tjónsatburði.
- Gera þær ráðstafanir sem eru nauðsynlegar til að sanna að tjónsatburður hafi átt sér stað. T.d. skal hinn tryggði tilkynna viðeigandi yfirvöldum um þjófnað, rán eða innbrot og fá skýrslu þar um.
- Læsa húsum, herbergjum, híbýlum og öðrum stöðum þar sem verðmæti eru geymd.



## Hvenær og hvernig er greitt fyrir trygginguna?

Iðgjald tryggingarinnar er innifalið í árgjaldi kortsins. Váttryggður greiðir því ekki sérstakt iðgjald til Varðar.



## Hvenær hefst váttryggingaverndin og hvenær lýkur henni?

Váttryggingin gildir út gildistíma kortsins.



## Hvernig er tryggingunni sagt upp?

Þar sem Arion banki er váttryggingartaki getur váttryggður, þ.e. korthafi, ekki sagt tryggingunni upp með hefðbundnum hætti.